Nr. 53.
30. júlí.

Lög

um

vátrygging fyrir sjómenn.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Það skal eftirleiðis vera skylt að vátryggja líf hjerlendra sjómanna, er lögskráðir eru á íslenzk skip, hvort sem þeir stunda fiskiveiðar, eru í förum með fram ströndum landsins eða landa á milli.

Enn fremur er skylt að vátryggja líf hjerlendra sjómanna, er reka fiskiveiðar á vjelarbátum eða róðrarbátum fjórrónum eða stærri, minst eina vertíð á ári.

2. gr.

Þegar lögskráð er til skiprúms á þilskipum, skal skráningarstjóri á sjerstaka skrá rita nöfn, heimili, aldur og stöðu skipverja þeirra, er 1. gr. nær til, hvort heldur þeir eru ráðnir hásetar, stýrimenn eða skipstjórar.

Þegar formaður á vjelarbát eða róðrarbát (sbr. 1. gr.) hefir ráðið háseta sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta, þar sem báturinn gengur, skýrslu um nöfn þeirra, heimili og aldur ásamt gjaldi því, er greiða ber eftir 3. gr., en hreppstjóri sendir skýrsluna og gjaldið til sýslumanns sem skráningarstjóra. Skráningarstjóri skal senda skrá þessa og þá, sem nefnd er í fyrri málsgrein greinar þessarar vátryggingarstjórn þeirri, sem nefnd er í 4. gr. laga þessara.

3. gr.

Hver sá sjómaður, sem vátrygður er eftir lögum þessum, er skyldur að greiða í vátryggingarsjóð þann, er síðar getur um, gjald er nemur 18 aurum fyrir hverja viku sem hann er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm og reiknast gjaldið frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm, Þriðjung á móts við gjald skipverjanna allra greiðir útgerðarmaður.

Útgerðarmaður þilskips greiðir skráningarstjóra gjald þetta fyrir sig og fyrir skipverja sína gegn endurgjaldi af kaupi þeirra eða hlut, og innheimtir skráningarstjóri það gjald. Gjald þetta greiðist þegar lögskráningin fer fram og má taka það lögtaki. — Formaður vjelarbáts eða róðrarbáts greiðir gjaldið fyrir útgerðarmann og skipverja til hreppstjóra eða bæjarfógeta (sbr. 2. gr.) gegn endurgjaldi af afla bátsins eða hlutum

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Forsikring for Søfolk.

Nr. 53.
30.
Juli.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Det skal for Fremtiden være Pligt af livsforsikre indenlandske Søfolk, der ere mønstrede paa islandske Skibe, saavel til Fiskeri som til indenlandsk Fart og Mellemlandsfart.

Endvidere er det Pligt at livsforsikre indenlandske Søfolk, der drive Fiskeri mindst en Fiskesæson om Aaret paa Motorbaade og fireaarers eller større Robaade.

§ 2.

Ved Paamønstring paa Dæksfartøjer skal Mønstringsbestyreren paa en særlig Fortegnelse opføre Navn, Hjemsted, Alder og Stilling for alle de Søfolk, som omfattes af Bestemmelserne i § 1, hvad enten de ere paamønstrede som Matroser, Styrmænd eller Skibsførere.

Naar Føreren af en Motorbaad eller Robaad (jfr. § 1) har forhyret Baadfolkene, skal han ufortøvet tilstille Repstyreren eller Byfogden paa det Sted, hvorfra Baaden gaar, Fortegnelse over Mandskabets Navne, Hjemsted og Alder, ledsaget af det Præmiebeløb, der skal erlægges ifølge § 3, hvorefter Repstyreren til vedkommende Sysselmand som Mønstringsbestyrer fremsender Fortegnelsen og Præmiebeløbet. Saavel denne som den i nærværende Paragrafs første Stykke ommeldte Fortegnelse skal Mønstringsbestyreren sende til den i nærværende Lovs § 4 omhandlede Forsikringsbestyrelse.

§ 3.

Enhver efter denne Lov forsikret Sømand er pligtig til at indbetale til det nedenfor nævnte Forsikringsfond en Præmie, der andrager 18 Øre for hver Uge, for hvilken han er mønstret eller forhyret, saaledes at Præmien beregnes fra Paamønstringsdagen eller den Dag, da han tiltraadte Pladsen. Rederen erlægger en Tredjedel imod hele Skibsmandskabets Præmiebeløb.

Rederen af et Dæksfartøj erlægger denne Præmie til Mønstringsbestyreren for sig selv og sine Søfolk, imod Refusion af deres Hyre eller Andel i Udbyttet; Præmien opkræves af Mønstringsbestyreren. Præmien erlægges ved Paamønstringen og kan inddrives ved Udpantning. — Føreren af en Motorbaad eller Robaad erlægger Præmien for Rederen og Mandskabet til Repstyreren eller Byfogden (jfr. § 2), imod Refusion

Nr. 53. 30. júlí. hásetanna. Gjald þetta má og taka lögtaki. Skráningarstjóri skilar gjaldinu í vátryggingarsjóð fyrir lok desembermánaðar ár hvert að frádregnum 2 % innheimtulaunum af þilskipum og 4 % af vjelarbátum og róðrarbátum, og gengur helmingurinn af hinu síðarnefnda gjaldi til hreppstjóra, þar sem hann hefir innheimtuna á hendi.

4. gr.

Vátryggingarsjóðnum skal stjórnað af 3 mönnum undir yfirumsjón landsstjórnarinnar. Landsstjórnin útnefnir einn mann í stjórn fjelagsins, fjölmennasta útgerðarmannafjelag landsins kýs annan, en fjölmennasta hásetafjelagið hinn þriðja. Á ári hverju fer einn nefndarmanna frá, í fyrsta skifti eftir hlutkesti, og er þá kosinn eða skipaður maður í hans stað, en endurkjósa eða skipa má þó hinn sama. Deyi stjórnarnefndarmaður eða fari frá af öðrum ástæðum milli kosninga, skipar landsstjórnin til bráðabirgða í nefndina í hans stað, þangað til nýr nefndarmaður getur orðið löglega skipaður. Landsstjórnin getur og vikið nefndarmanni frá, en gerir þá jafnframt ráðstafanir til, að nýr maður komi í hans stað. Í ómakslaun og til kostnaðar má með samþykki landsstjórnarinnar verja alt að 400 kr. á ári úr vátryggingarsjóðnum.

5. gr.

Nú druknar sjómaður eða deyr af slysförum á skipi á því tímabili, er hann greiðir vátryggingargjald fyrir samkvæmt 3. gr., og skal þá vátryggingarsjóður greiða til eftirlátinna vandamanna hans, ekkju, barna, foreldra eða systkina 100 kr. á ári í næstu 4 ár.

Sjeu engir slíkir vandamenn til, eignast vátryggingarsjóður upphæðina, nema öðru vísi sje ákveðið í lögmætri erfðaskrá.

6. gr.

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir leyfi til að skerða nokkuð af styrk þeim, er lög þessi heimila.

7. gr.

Nú kemur það fyrir, að vátryggingarsjóður hrekkur ekki til að greiða árgjöld þau, er á hann falla eftir 5. gr., og leggur landssjóður þá til það, er á vantar, en það skal endurgoldið síðar, er hagur sjóðsins batnar. Tillag landssjóðs má þó aldrei nema meiru en 15,000 krónum.

8. gr.

Sjóður sá, er stofnaður er með lögum þessum, tekur við eignum og skuldbindingum vátryggingarsjóðs þess, er stofnaður var með lögum nr. 40, 10. nóv. 1903. Að öðru leyti eru þau lög úr gildi numin.

9. gr.

Landsstjórnin ákveður nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 4. gr.

af Baadens Fangst eller Baadfolkenes Andel i Udbyttet. Dette Præmiebeløb kan ogsaa inddrives ved Udpantning. Mønstringsbestyreren indbetaler Præmiebeløbet til Forsikringsfondet inden Udgangen af hvert Aars December Maaned efter Fradrag af 2 pCt. for Oppebørselen af Præmier af Dæksfartøjer og 4 pCt. af Præmier af Motorbaade og Robaade, af hvilket sidste Beløb Halvdelen tilfalder den Repstyrer, som har varetaget Indfordringen.

§ 4.

Forsikringsfondet bestyres af 3 Personer under Regeringens Overtilsyn. Regeringen udnævner et Medlem af Selskabets Bestyrelse, Landets talrigste Rederiforening vælger det andet og den talrigste Matrosforening det tredje. Hvert Aar fratræder et af Bestyrelsens Medlemmer, første Gang efter Lodtrækning, hvorpaa en anden vælges eller beskikkes i hans Sted; den udtraadte kan dog genvælges paa ny. Naar et Bestyrelsesmedlem dør eller af andre Grunde fratræder i Tiden mellem Valg, ansætter Regeringen foreløbig en anden i hans Sted, indtil et nyt Medlem kan blive lovlig beskikket. Regeringen kan ogsaa suspendere et Bestyrelsesmedlem, og træffer da samtidig Foranstaltning til, at et nyt Medlem kommer i hans Sted. Som Godtgørelse for Ulejlighed og til Omkostninger maa der med Regeringens Samtykke anvendes indtil 400 Kr. aarlig af Forsikringsfondet.

§ 5.

Hvis en Sømand drukner eller omkommer ved et Ulykkestilfælde paa et Fartøj i det Tidsrum, for hvilket han betaler Forsikringspræmie ifølge § 3, skal der af Forsikringsfondet udbetales til hans efterladte paarørende, Enke, Børn, Forældre eller Søskende 100 Kr. aarlig i de næste 4 Aar.

Findes ingen saadanne paarørende, tilfalder Beløbet Forsikringsfondet, medmindre anderledes er bestemt i et lovgyldigt Testamente.

§ 6.

Ingen Kreditor i et Døds- eller Konkursbo maa i nogen Maade angribe den ved nærværende Lov hjemlede Understøttelse.

§ 7.

Hvis Forsikringsfondet ikke skulde være tilstrækkeligt til at afholde de efter § 5 forefaldende Aarsudgifter, tilskyder Landskassen det manglende imod Refusion senere, naar Fondets Tilstand forbedres. Landskassens Tilskud maa dog aldrig overstige 15,000 Kr.

§ 8.

Det ved nærværende Lov oprettede Fond overtager det ved Lov Nr. 40 af 10. November 1903 oprettede Forsikringsfonds Ejendele og Forpligtelser. For øvrigt ophæves nævnte Lov.

§ 9.

Regeringen fastsætter, efter indhentet Indstilling fra den i § 4 omhandlede Bestyrelse, de til Gennemførelse af denne Lov fornødne nærmere Regler.

Nr. 53. 30. júlí.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 5—100 kr. sektum, sem renna að hálfu í vátryggingarsjóð og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1910.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 30. júlí 1909.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jónsson.

§ 10.

Overtrædelser af denne Lov straffes med Bøder fra 5 til 100 Kr., hvoraf Halvdelen tilfalder Forsikringsfondet og den anden Halvdel den Kommunes Kasse, i hvilken Forseelsen er begaaet.

Overtrædelser af denne Lov behandles som offentlige Politisager.

§ 11.

Denne Lov træder i Kraft den 1. Januar 1910.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 30. Juli 1909.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jonsson.

Islands Ministerium, den 30. Juli 1909.

Björn Jonsson.

Jon Krabbe,
kst.